

Ræktun matjurta í heimilisgarðinum

Horticum menntafélag og Endurmenntun Háskóla Íslands í samstarfi við Blómaval

Markmið námskeiðsins er að veita þátttakendum innsýn í matjurtaræktun með það að leiðarljósi að þeir geti sjálfir hafið ræktun matjurta í eigin garði. Lögð verður áhersla á ræktunaraðferðir sem eru í sátt við umhverfið. Fjallað verður um skipulag matjurtagarðsins og staðarval, jarðvinnslu, áburðargjöf, forræktun eigin smáplantna, sáningu, grisjun og gróðursetningu, notkun gróðurhlífa og yfirlagsefna, umhirðu á ræktunartíma, plöntusjúkdóma, meindýr og illgresiseyðingu. Loks verður fjallað um ræktun á algengum tegundum matjurta og leiðbeint um geymsluaðferðir.



Fimmtudaginn 25. mars kl. 19:30 býður Blómaval þátttakendum námskeiðsins sérstaka kynningu á vörum sem tengjast krydd- og matjurtaræktun. Fjallað verður m.a. um matjurtafræ, plöntur, mold, áburð, verkfæri og ræktunarbúnað ýmis konar, þar á meðal vermireiti og gróðurhús. Einnig verða kynntir samsettir pakkar sem henta við mismunandi aðstæður, t.d. á svalir, í litla garða og stóra garða. Sérstök afsláttartilboð verða í boði fyrir þátttakendur námskeiðsins.

Kennsla / umsjón: Björn Gunnlaugsson, cand. agro.

Hvenær: Mán. 22. og mið. 24. mars kl. 19:30-22:00 (2x). Kynning hjá Blómaval fim. 25. mars kl. 19:30

Verð: 11.900 kr. – sjá nánar um námskeiðið og skráningu [hér](#)